

Heimild mánaðarins

Heimild febrúarmánaðar árið 2012 er bréf sem Eggert Björnsson (1612-1681) sýslumaður á Skarði á Skarðsströnd, ritaði Brynjólfi Sveinssyni (1605-1675) Skálholtsbiskupi þann 9. febrúar 1664. Gunnar Örn Hannesson ritaði kynningartexta og annaðist uppskrift skjalsins.

Uppskrift af texta skjalsins

Magister Brynjólfi tilskrifað 1664, 9. febrúar.

Heiðurligi, hálærði og virðugligi herra, minn elskuligur vin¹ *et cetera*. Næst mínu skyldugu þakklæti og öllum góðum óskum, læt ég yðar herradóm vita, að eftir því ég hafði frá mér sent fyrir nokkrum dögum til Einarssonar þá bréfpellu er ég yður tilteiknaði, kom² Jón Ólafsson vestan af Rauðasandi með kosningu³ kirkjusóknarmanna þar sökum tilfallinna⁴ forfalla séra Þorbjarnar Einarssonar. Þykist þó merkja að hann, presturinn, vilji behalda samt Dalskirkju⁵ og þar þinga. Nú þó að hún hafi að fornu og nýju, síðan stiftuð var, fylgt Saurbæjarkirkju á Rauðasandi, þá þykir mér mikið fyrir að mótmæla honum þar um í sínum aldurdomi og veiki, sökum hans langrar, kostgæfiligrar og mæðusamrar þjónustu í þessum kirkjusóknum, þó augljóst sé að það láti ei nær prestsuppheldi sem Jón fær⁶ af Bæjarkirkju, sé ekki frammar⁷ við hann tilhliðrað en vanaligur réttur tilstendur. Samt slægir hann það til að hann vonar eftir hinni kirkjunni með, nær séra Þorbjörn⁸ getur ei annast þá sókn lengur eður við hana skilur⁹ og þar með (kannski) hann vænti sér¹⁰ nokkurs aðstyrks af kunningjum sínum¹¹ á meðan svo uppheldislítið er. Annars sýnist mér það í öngvan máta fyrir hann tækt.

¹ Á eftir orðinu *vin* er ógreinilegt orð eða orðhluti sem gæti einnig verið hluti af skammstöfun.

² Strikað yfir orðhlutann *þe* á eftir orðinu *kom*.

³ Strikað yfir orðhlutann *sók[nar]* á undan orðinu *kirkjusóknarmanna*.

⁴ Orðið *tilfallina* er innskotið af hægri spássíu skjalsins.

⁵ [Dalskirkja að kirkjubóli í Valþjófsdal].

⁶ Orðið *fær* er ofan línu og strikað er yfir orðið *Skálholti*.

⁷ Strikað er yfir orðið *til* á eftir orðinu *frammar*.

⁸ Strikað er yfir orðin *við hana skilur* á eftir nafninu *Þorbjörn*.

⁹ Á eftir orðinu *skilur* er innskotsmerki sem vísar til texta sem ritaður er langsum á hægri spássíu skjalsins. Þar stendur skrifað: Eirninn kynni hann hér með sinni sorgmæddri móður til [orðið *til* er ofan línu] frekari hugsvö[lunar] vera, hvör eð nú er [orðin *nú* er ofan línu] ekkja [á eftir orðinu *ekkja* er strikað yfir tvö ógreinileg orð] reisur [svo].

¹⁰ Strikað er yfir orðið *byggt* á eftir orðinu *sér*.

¹¹ Strikað er yfir orðið *hvort* á eftir orðinu *sínum*.

Ég þykist hafa gjört kært við séra Þorbjörn um hans uppheldi til næstu haustnáttu komandi. Og þó að Jón þessi Ólafsson hafi í Hólaskóla lært og uppalist, þá er mín von og auðmjúk bón að hann vilduð *ordinera* til áðurskrifaðrar sóknar og sókna með framtíðinni, svo framt sem það er tækiligt, því kunnugir jafnan líkist best, þar ég þekki hann frá ungdómi og veit ei annars en hann yngri og eldri hafi sér ærliga hagað, þar með kominn af ærligum, guðhræddum og góðgjörnum föður og móður, eftir almennings rykti og sjálfs reynslu, hafandi hér um hið besta traust til yðar kærleika. Og þó svo félli (sem ég þó ei vona) að Jón fari erindislaust (gjörandi ráð fyrir óráði) þá bið ég að þér sendið ei þangað séra Þórð Sveinsson, því við munum ei eiga saman um sið. Þetta í yðar herradóms kærleikstrausti.¹²

¹² ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Barðastrandarsýsla. C/1-1. Bréfabók Eggerts Björnssonar 1632-1673, bls. 301. Hér eftir verða tilvísanir til bréfabókarinnar stytta.

Nánar um þá Jón Ólafsson yngri, séra Þórð Sveinsson og séra Þorbjörn Einarsson

Jón Ólafsson yngri (1640-1703)

Jón þessi var borinn og barnfæddur Rauðsendingur. Í skjali frá 24. apríl 1681, segist hann vera fertugur að aldri, og samkvæmt því fæddur árið 1640, eða ári síðar.¹³ Í sama skjali segist hann hafa alið manninn að mestu þar vestra ef undanskilin er þau ár er hann dvaldist í Hólaskóla, sem og þau ár er hann dvaldist á Skarði á Skarðsströnd. Jón var í Hólaskóla á árabílinu 1654-1662.¹⁴ Jón var skjólstaðingur Eggerts, sem kom honum áfram til menningar og mennta, studdi hann til náms og síðar til embættis. Að loknu námi í Hólaskóla var Jón í þjónustu Eggerts í sjö ár.¹⁵ Í nóvember árið 1662 gefur Eggert Jóni nokkrum Ólafssyni umboð til að setja og halda þing á Berufirði fyrir sína hönd.¹⁶ Það má vera að þetta sé sá Jón sem hér um ræðir en einnig gæti þetta verið nafni hans Jón Ólafsson að Borg í Króksfirði, fyrrum sýslumaður í Snæfellsnessýslu.¹⁷ Þá kemur Jón Ólafsson nokkur fyrir í bréfi Eggerts til Árna Oddssonar lögmanns árið 1662. Í því bréfi gerir Eggert grein fyrir því að þessi sendimaður hans hafi verið sendur gagngjört „með bréf Magnúsar míns Jónssonar og svo hans sýslugjald hvorju ég læt og einninn mínar afgangir fylgja“.¹⁸

Í bréfabók Eggerts er og varðveitt uppkast að vitnisburði eða meðmælum með Jóni, líkast til rituðum í febrúarmánuði 1664, um það leyti sem Eggert skrifar Brynjólfi biskupi bréf það sem hér er fjallað um hér að ofan, en ekki er víst hvort Eggert sjálfur hafi samið uppkastið.¹⁹ Þó mætti ætla að uppkastið hafi verið samið að undirlagi Eggerts eða að minnsta kosti með vitund hans.

Þar segir m.a. að kennimannleg gáfa Jóns til predikunarembættis muni með Guðs hjálp, aldri og iðkun aukast. Þá er hann sagður vera fróm skólapersóna, og siðferði hans bæði ærlegt og ráðvant. Ekki var Jón þó vígður að þessu sinni og mun sú

¹³ Þí. Skjalabók Bæjar á Rauðasandi, bls. 44-45. Í manntalinu 1703 segir að Jón sé 62 ára gamall, sbr. *Manntalið 1703*, bls. 177.

¹⁴ Þí. Hannes Þorsteinsson, *Æfir lærðra manna*. 35. bindi. Jón Ólafsson yngri, bls. 1.

¹⁵ *Ættartölusafnrit séra Þórðar Jónssonar í Hítardal II*, bls. 414.

¹⁶ Bréfabók Eggerts Björnssonar, bls. 282.

¹⁷ Sjá um Jón að Borg í Bréfabók Eggerts Björnssonar, bls. 305-306. Sjá nánar um Jón að Borg í *Íslenzkum æviskrám III*, bls. 235.

¹⁸ Bréfabók Eggerts Björnssonar 1632-1673, bls. 280-281.

¹⁹ Bréfabók Eggerts Björnssonar 1632-1673, bls. 302. Hannes Þorsteinsson þjóðskjalavörður vill þó meina, að því er virðist, að Eggert sé höfundur meðmællanna, en fer rangt með blaðsíðutöl í bréfabók hans; vísar í blaðsíður 300-301, en um er að ræða blaðsíður 301 (sbr. tilvísun hér að ofan á undan) og blaðsíðu 302. Sjá Þí. Hannes Þorsteinsson, *Æfir lærðra manna*. 35. bindi. Jón Ólafsson yngri, bls. 1.

staðreynd að hann lærði í Hólaskóla, hafa latt biskup til vígslunnar.²⁰ Eggert fékk Jón þó kosinn 5 árum síðar til Bæjar á Rauðasandi²¹ og tók Jón við Bæ þann 1. júní árið 1669 en öllu prestakallinu ekki fyrr en árið 1674.²² Séra Jón bjó fyrst í Melanesi á Rauðasandi en fluttist að Lambavatni í sömu sveit árið 1680. Er séra Jón jafnan kenndur við Lambavatn. Hann var starfssamur um sína daga og sinnti bóklegri iðju, skrifaði upp ættartölubók Þórðar Jónssonar í Hítardal, auk fleiri handrita. Þá orti hann minningarljóð um Eggert, er verið hafði velgjörðamaður hans um langan tíma.²³

Séra Þorbjörn Einarsson (1593-1673)

Séra Þorbjörn var seinni maður stjúpu Eggerts, Helgu Arngrímsdóttur (1599-1646), hins lærða Jónssonar, á Mel í Miðfirði. Grunnt var á því góða á milli þeirra stjúpmæðgina, Eggerts og Helgu, líkt og fjölmörg skjöl í bréfabók Eggerts sjálfs bera glöggt vitni um.²⁴ Helga var seinni kona föður Eggerts, Björns Magnússonar (1580-1635) sýslumanns að Bæ á Rauðasandi. Skömmu eftir dauða Björns sýslumanns hófu þau skötuþjú, Helga og séra Þorbjörn, að vekja máls á hjúskaparáformum sínum. Féllu þau áform vægast sagt í grýttan jarðveg, bæði hjá Eggerti sjálfum sem og föðurbróður hans Ara Magnússyni (1571-1652), sýslumanni í Ögri. Snemma árs 1636 sá Ari ástæðu til að skrifa Helgu bréf um hjúskaparáform hennar og séra Þorbjörns. Þar varar hann Helgu við því að blanda sér saman við „skarn og húsgangsafkvæmi“ og vísar þar til þess að séra Þorbjörn var lítillar ættar. Ennfremur ráðlagði hann henni að spretta „öllu upp aftur hreinlega og fylgið ekki fram óráðum og afglapaskap slíkum“ sem þeim að ganga í hjónaband út af girndarbruna.²⁵ Síðar sama ár skrifaði Eggert Ara af sama tilefni og rakti í löngu máli þá ókosti sem hann sá við hjúskaparáform Helgu og séra Þorbjörns en tók jafnframt fram að Helga myndi lítt taka sínum ráðum í því efni.²⁶ Um svipað leyti ritaði Eggert Jóni eldra Magnússyni (1566-1641) föðurbróður sínum, sýslumanni í Dalasýslu, um sama efni. Er bréfið á svipuðum nótum og það sem fyrr

²⁰ ÞÍ. Hannes Þorsteinsson, *Æfir lærðra manna*. 35. bindi. Jón Ólafsson yngri, bls. 1.

²¹ Fyrrum var aðalkirkjan í prestakallinu Bær á Rauðasandi en í Sauðlauksdal var bænhús. Þetta breyttist snemma á 16. öld en þá var Sauðlauksdalur aðalkirkjan en Bær varð annexía frá Sauðlauksdal. Sjá Svein Níelsson, *Prestatal og prófaste* II, bls. 179, neðanmálgrein.

²² Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófaste* II, bls. 179-180. Það stenst auðvitað ekki sem segir í íslenskum æviskrám að Eggert hafi fengið hann kosinn árið 1649 en þá var Jón aðeins 9 ára gamall. Þetta er augljóslega prentvilla. Sjá *Íslenzkar æviskrár* III, bls. 235-236.

²³ Allgóð skil eru gerð á séra Jóni og fræðastarfi hans í útgáfu Guðrúnar Ásu Grímsdóttur á *Ættartölusafnriti séra Þórðar Jónssonar í Hítardal* sbr. *Ættartölusafnrit séra Þórðar Jónssonar í Hítardal* II, bls. 412-428. Einnig má benda á æviþátt um hann hjá Hannesi Þorsteinssyni þjóðskjalaverði, sbr. ÞÍ. Hannes Þorsteinsson, *Æfir lærðra manna*. 35. bindi. Jón Ólafsson yngri, bls. 1-6.

²⁴ Bréfabók Eggerts Björnssonar 1632-1673, bls. 3, 4, 13-19, 20-21, 21-23, 25-28, 31, 37-38, 41-42, 42-43, 45-47, 52-54 og 66-67; ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Barðastrandarsýsla. C/1-1a. Bréfabókarbrot, 201, 4¹⁰, bls. [1]-[2], [16].

²⁵ Bréfabók Eggerts Björnssonar 1632-1673, bls. 24-25.

²⁶ Bréfabók Eggerts Björnssonar 1632-1673, bls. 52-54. Þá skrifaði Eggert Ara á ný um hjúskaparáform Helgu stuttu síðar, sbr. Bréfabók Eggerts Björnssonar 1632-1673, bls. 61.

getur um til Ara.²⁷ Í ágústmánuði 1638 skrifaði Eggert loks föður Helgu, séra Arngrími lærða Jónssyni á Mel, um hjúskaparmálefni skötu hjúanna. Í bréfinu bað Eggert séra Arngrím um að búa svo um hnútana að eignir gengju ekki undan hálf systkinum sínum (börnum Helgu og Björns heitins), nánar tiltekið þeim Páli Björnssyni (1621-1706), er síðar varð prestur og prófastur í Selárdal, og Sigríði Björnsdóttur (1620-1688) er síðar varð prestsfrú í Odda, í kjölfar hjónabands Helgu og séra Þorbjörns, þó Helgu yrði fleiri barna auðið í því hjónabandi. Í sama bréfi segist Eggert hafa séð kaupmálabréf föður síns sáluga og Helgu „sem naumast einu sinni“ og sagðist ekki fyrir en þá hafa skilið hvernig var um hennar tilgjöf. Eggert biður séra Arngrím að láta þetta bréf hjá sér „hulið vera“ af ástæðum sem hann gerir ekki nánar grein fyrir.²⁸ Helga og séra Þorbjörn gengu í hjónaband síðar sama ár en þeim varð ekki barna auðið. Andaðist Helga á jóladag 1646.²⁹ Af orðalagi þess bréfs sem Eggert skrifaði Brynjólfi biskupi um kosningu Jóns Ólafssonar, verður ekki annað ráðið en að honum sé vel til séra Þorbjörns.³⁰ Þar minnst Eggert á langa og kostgæfilega þjónustu séra Þorbjörns við sóknir sínar vestra, er honum hefur verið mæðusöm, og þykist Eggert hafa „gjört kært við séra Þorbjörn um hans uppheldi“. Séra Þorbjörn andaðist síðla árs 1673 og mun hafa gegnt prestskap fram í rauðan dauðan.

Séra Þórður Sveinsson (1623-1667)

Séra Þórður Sveinsson, stundum kenndur við Stað í Aðalvík, var hugvitsmaður. Hann hafði meðal annars látið bæjarstrauminn í Skálholti knýja tæki til að berja fisk, þá hann var þar í þjónustu Brynjólfs biskups á árunum 1663-1665, eða um sama tíma og Eggert leitaðist við að koma skjólstaðingi sínum Jóni Ólafssyni yngra í embætti vestra. Þá mun séra Þórður hafa mælt sigluna á duggu séra Páls í Selárdal, bróður Eggerts.³¹ Séra Þórður virðist hafa átt við erfiðleika af geðrænum toga að stríða sem kann að skýra einarða afstöðu Eggerts til hans þá hann fór þess sérstaklega á leit við Brynjólf biskup að senda ei séra Þórð vestur, færi svo að Jón yngri fengi ekki vígslu til Sauðlauksdals „því við munum ei eiga saman um sið“.³² Engu að síður er ljóst að séra Þórður var hæfileikamaður, fékkst meðal annars við þýðingar og rím, og var „stærðfróður og hugvitsmaður“. Árið 1665 veiktist séra Þórður í Skálholti og varð að vaka yfir honum allar nætur með logandi kertaljósum allan veturinn, utan þriggja eða fjögurra náttu.³³

²⁷ Bréfabók Eggerts Björnssonar 1632-1673, bls. 31.

²⁸ Bréfabók Eggerts Björnssonar 1632-1673, bls. 92.

²⁹ Nánar má sjá og lesa um séra Þorbjörn í eftirtöldum heimildum: Þí. Hannes Þorsteinsson, *Æfir lærðra manna*. 60. bindi. Þorbjörn Einarsson, bls. 1-8; *Íslenzkar æviskrár V*, bls. 85; Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófaste II*, bls. 180.

³⁰ Sjá nánar uppskrift bréfsins sjálfs hér að framan.

³¹ Nánar má sjá og lesa um séra Þórð í eftirtöldum heimildum: Þí. Hannes Þorsteinsson, *Æfir lærðra manna*. 61. bindi. Þórður Sveinsson, bls. 1-15; *Íslenzkar æviskrár V*, bls. 114; Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófaste II*, bls. 197, 204.

³² Sjá nánar uppskrift þessa bréfs hér að framan.

³³ Þí. Hannes Þorsteinsson, *Æfir lærðra manna*. 61. bindi. Þórður Sveinsson, bls. 9.

Nam sú kertaljósavöktun 120 mörkum af lýsi, þegar yfir lauk. Var séra Þórður mjög þjakaður og þvingaður af veikindum sínum, lá lengst af sjónlaus, heyrnarlaus, rænulaus og mállaus og var til „þjónustunnar hinn þyngsti ómagi“. Hann var fluttur úr Skálholti vestur að Bæjum til bróður síns sumarið 1666 og andaðist þar ókvæntur og barnlaus ári síðar.³⁴

HEIMILDIR

Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ)

Sýsluskjalasafn

Barðastrandarsýsla. C/1-1. Bréfabók Eggerts Björnssonar 1632-1673.

Barðastrandarsýsla. C/1-1a. Bréfabókarbrot, 201, 4¹⁰.

Jarðaskjöl

XXII. Skjalabók Bæjar á Rauðasandi 1418-1730. Þessi skjalabók hefur að geyma afrit skjala frá tímabilinu 1418-1730 og er hún með hendi séra Jóns Ólafssonar yngra á Lambavatni annars vegar og Orms Daðasonar sýslumanns í Dalasýslu hins vegar.

Annað

Hannes Þorsteinsson, *Æfir lærðra manna*. 67 bindi.

Prentuð rit

Íslenzkar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940. Páll Eggert Ólason tók saman. Fimm bindi. Reykjavík, 1948-1952.

Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófaste á Íslandi*. Með viðaukum og breytingum eftir dr. Hannes Þorsteinsson. Björn Magnússon sá um útgáfuna og jók við. Þrjú bindi. Reykjavík, 1949-1952.

Þórður Jónsson, *Ættartölusafnrít séra Þórðar Jónssonar í Hítardal*. Tvö bindi. Guðrún Ása Grímsdóttir sá um útgáfuna. Reykjavík, 2008.

³⁴ Þetta efni tengist allt rannsóknum höfundar á Eggerti, bréfum hans og skjölum. Efnið sem hér hefur verið birt rataði að hluta til í meistaraþrófsritgerð mína í sagnfræði við Háskóla Íslands, sbr. Gunnar Örn Hannesson, Bréfabók Eggerts Björnssonar á Skarði á Skarðsströnd: um efni hennar, feril og skjalfraði. Háskóli Íslands, 2011. Höfundur vinnur nú að því í frístundum að búa bréf og skjöl Eggerts undir prentun og útgáfu.